

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár, nr. 892 10. desember 1999.

1. gr.

3. gr. liður 3.10, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 217 8. mars 2006 og 1. gr. reglugerðar nr. 289 10. mars 2008, orðast svo:

3.10 Verð fyrir hvern leik (röð) í Lottó 5/40 er kr. 100, Jóker kr. 200, og í Vikingalottó kr. 70. Aðeins er unnt að gerast þátttakandi hjá söluaðilum Íslenskrar getspár eða með rafrænum hætti, sbr. lið 3.1.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir nr. 26 2. maí 1986, sbr. lög nr. 126 16. desember 2003, öðlast gildi 26. janúar 2012.

Innanríkisráðuneytinu, 12. desember 2011.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.